

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 57/1991.

Menntamálaráðherra

og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

og bæjarsjóður Akureyrar

(Hreinn Pálsson hdl.)

gegn

Sverri Auðuni Meldal

(Árni Pálsson hrl.)

og gagnsök.

Skaðabótamál. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur menntamálaráðherra og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1991. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Aðaláfrýjandi bæjarsjóður Akureyrar áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1991. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. mars 1991. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða sér 2.275.200 krónur með ársvöxtum, eins og hér greinir: 20% frá 12. febrúar 1988 til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. s.m., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 20. s.m., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til

1. febrúar s.á., 8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% frá þeim degi til 13. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar óskipt úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um skoðun, sem fram fór á þess vegum á hinni rafknúnu borðsög, sem gagnáfrýjandi var að sýsla við, er hann slasaðist. Í skýrslunni er því lýst, sem áfátt taldist öryggisbúnaði sagarinnar, en þess ekki getið, að hlíf vantaði yfir sagarblaðið. Í framburði skólastjóra Glerárskóla, sem rakinn er í héraðsdómi, kemur hins vegar fram, að slík hlíf hafði áður verið til staðar, en búið var að fjarlægja hana, er gagnáfrýjandi hóf smíðakennslu við skólann.

Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins 6. maí sl. til lögmanns gagnáfrýjanda, sem lagt var fram við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, kemur fram, að stofnunin „gerir kröfu um, að blaðhlíf, kleyfir, eftirreka og stuðningsklossi séu til staðar og notist eins og við á við vinnu við borðsagir/ristisagir. ...“

II.

Samkvæmt þessu var öryggisbúnaði umræddrar vélsagar stórlega ábótavant og augljóst, að veruleg hættu stafaði af notkun hennar við svo búið. Verður slysið að nokkru til þess rakið. Ber að því leyti með vísan til röksemda héraðsdómara, sbr. Hrd. 1992, bls. 312, að leggja á aðaláfrýjendur óskipt fébótaábyrgð á slysinu.

Sú háttsemi gagnáfrýjanda að fara með hendur yfir óvarið sagarblaðið, meðan sögin var í gangi, var mjög óvarleg. Átti honum sem reyndum trésmið að vera ljós brýn nauðsyn þess að rjúfa áður rafstraum til sagarinnar og biða þess, að sagarblaðið stöðvaðist. Er því einnig við hann um slysið að sakast.

Þegar framanskrað er virt, þykir hæfilegt að leggja á aðaláfrýjendur fébótaábyrgð á slysinu að hálfu.

III.

Gagnáfrýjandi sundurliðar fjárhæð bótakröfu sinnar þannig:

1. Tjón vegna varanlegrar 10% örorku	kr. 1.825.200
2. Miski	— 450.000
	Kr. 2.275.200

Um 1. Örorkumati og örorkuútreikningi, sem kröfuliður þessi byggist á, eru gerð ýtarleg skil í héraðsdómi. Í örorkumatinu segir, að gagnáfrýjandi eigi bággt með ýmis störf, sem útheimti nákvæmt grip eða gripstyrk milli þumalfingurs og vísifingurs hægri handar. Hann eigi í erfiðleikum með að handfjatla litla hluti og þoli illa að vera úti í kulda. Örorkuútreikningurinn, sem er frá 22. febrúar 1990, er byggður á hefðbundnum forsendum. Með hliðsjón af þessum gögnum og að teknu tilliti til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi þykir tjón samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 1.300.000 krónur.

Um 2. Við mat á tjóni samkvæmt þessum kröfulið ber að hafa hliðsjón af því, að vaxtatímabil er rúm fimm ár og að í vöxtum á mestum hluta þess er verðbótaþáttur, en tjónið er aftur á móti metið eftir verðlagsforsendum eins og þær eru nú. Að þessu athuguðu og þegar virt eru meiðsli gagnáfrýjanda og afleiðingar þeirra, telst tjón vegna miska nema 100.000 krónum.

Samkvæmt þessu nemur tjón gagnáfrýjanda af völdum umrædds slyss samtals 1.400.000 krónum. Ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða honum óskipt helming þeirrar fjárhæðar, 700.000 krónur, með vöxtum eins og krafist er, en vaxtakröfu hefur ekki verið mótmælt.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og bæjarsjóður Akureyrar, greiði gagnáfrýjanda, Sverri Auðuni Meldal, óskipt 700.000 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 20% frá 12. febrúar 1988 til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. s.m., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 20. s.m., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s.á.,

8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% frá þeim degi til 13. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 300.000 krónur í málskosntað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. fyrra mánaðar að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, hefur Árni Pálsson hdl. höfðað með stefnu, út gefinni 7. mars 1990 og þingfestri 8. s. m., fyrir hönd Sverris Auðuns Meldal, kt. 020657-5619, Skarðshlið 11, A, Akureyri, á hendur bæjarsjóði Akureyrar, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd rikissjóðs in solidum til greiðslu skaðabóta vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verðir dæmdir in solidum til að greiða 2.275.200 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi bæjarsjóður Akureyrar krefst þess að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs gera þær dómkröfur aðallega að var sýknaðir af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins, til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður í því tilviki.

Málsatvik eru þau, að stefnandi hóf störf sem leiðbeinandi í smíðum við Glerárskóla á Akureyri í októbermánuði 1987, og slasaðist hann á hægri hendi við vinnu sína þar 12. febrúar 1988.

Hlaut stefnandi af þessu meiðsl skv. vottorði dr. med. Halldórs Baldurs-sonar læknis, aðallega á fingurgómum hægri vísifingurs og hægri þumal- fingurs. Sködduðust bein í báðum þessum fingrum, auk þess sem milli- kjúkuliðurinn efri á vísifingri tættist í sundur. Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis hlaut stefnandi örorku sem hér segir: í sjö vikur 100%, í 8 vikur 50% og varanleg örorka 10%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði út fjárhags- legt tjón stefnanda á grundvelli örorkumatsins, og er kröfugerð stefnanda reist á því.

Sundurliðast krafan þannig:

Tjón vegna varanlegrar örorku 1.825.200 kr. og miskabætur 450.000 krónur.

Ekki er gerð krafa vegna tímabundinnar örorku, þar sem stefnandi hélt launum sínum hjá ríkissjóði, á meðan hann var frá vinnu.

Stefnandi gaf skýrslu um slysið hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri 17. febrúar 1988. Stefnandi segir, að slysið hafi orðið á vinnustað sínum í smíðastofu Glerárskóla á Akureyri, og skýrði síðan svo frá:

Hann kveðst vera lærður húsasmiður og kveðst hefja störf sem leiðbeinandi í smíðum við Glerárskóla hér á Akureyri í byrjum október sl. Það hafi verið síðastliðinn föstudag um kl. 11.50, að hann var að vinna við rafknúða borðsög. Segir hann, að umrædd vél sé orðin gömul og nánast ónýt. Hann segir, að vegna slits í aðhaldinu hafi hann þurft að þvinga það niður hverju sinni. Hafi hann verið að saga niður viðarkubb og þurft að breyta aðhaldinu og þar með taka þvinguna af. Hann kveðst hafa teyggt sig yfir í þvinguna, og við það náí sagarblaðið í höndina, og hafi hann hlotið skurð á þumalfingri og vísifingri hægri handar. Hafi vísifingur farið verr og skurðurinn náð inn í lið. Hann hafi ávallt unnið þetta verk eins og hann hafi skýrt frá. Hann sagði, að ef hann stöðvaði vélin á milli þess, sem hann breytti stillingu hverju sinni á aðhaldinu, gengi verkið ekkert. Hann sagði, að ekki væri mönnum bjóðandi að vinna við umrædda borðsög, og kvaðst hafa kvartað undan þessu við skólastjórnann. Hann kveðst vita, að undanfarin ár hafi skólastjóri og fyrri leiðbeinendur kvartað undan þessari vél við forráðamenn Akureyrarbæjar, en ekkert hafi verið lagfært í þessum efnum, og á staðinn hafi komið aðili frá Vinnueftirliti ríkisins og ljósmyndað vélin, og við athugun hafi hann bannað frekari vinnu við vélin, þar sem ýmsu væri ábótavant við hana frá öryggissjónarmiði.

Á dskj. nr. 4 er umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið. Segir þar, að 16. 2. 1988 kl. 13.05 hafi Vilberg Alexandersson tilkynnt um vinnuslys, sem varð föstudaginn 12. 2. 1988 kl. 11. 50 í smíðastofu Glerárskóla á Akureyri. Fór vinnueftirlitsmaður, Helgi Haraldsson, kl. 14.00 á staðinn til rannsókna. Aðstæður voru að sögn óbreyttar. Hinn slasaði hafði verið fluttur til læknis, en lögreglu ekki verið tilkynnt um slysið. Tildrög slyssins voru þau að sögn slasaða, að hann var að saga í hjólsög, borðsög, og þurfti að stilla landið. Til þess þurfti að losa þvingu, sem hélt öðrum enda landsins, þar sem festingar voru slitnar og ónothæfar. Við það að teygja sig yfir sögina til að losa þvinguna lenti slasaði í blaði sagarinnar og meiddist við það á þumalfingri og vísifingri hægri handar. Aðstæður á slysstað voru þannig.: Bjart, gólf ekki hál og hrein.

Við athugun tækja og búnaðar kom eftirtalið í ljós:

Vélin, sem er af gerðinni Rockwell-Delta, framleiðslunúmer 34-643 FI 8694, var án afsogs, hlíf vantaði yfir reimdrif, og festingar landsins voru ónothæfar öðrum megin, svo að til þess að festa fjærri enda landsins þurfti að teygja sig yfir sögina og herða þvingu.

Orsök slyssins má rekja til vanbúinnar vélar og þess, að vélin var höfð í gangi, á meðan landið var stillt.

Skyldur aðila skv. lögum nr. 46/1980 voru skýrðar fyrir verkstjóra / forstöðumanni og eftirfarandi fyrirmæli gefin.:

Setja skal hlíf yfir reimdrif, lagfæra land og útbúa spónsog á vélina.

Myndir voru teknar á vettvangi.

Á dskj. nr. 4, sem er skýrsla um vinnuslys, samin 11. 3. 1988 af stefnanda og Vilberg Alexanderssyni, skólastjóra Glerárskóla, lýsir stefnandi tildrögum slyssins þannig:

Til þess að hægt væri að saga rétt í þessari sög, varð ég að þvinga aðhaldið fast á endanum fjær mér. Slysið vildi til þannig: Ég var að teygja mig í þvinguna til þess að losa um aðhaldið fjær mér, en sagarblaðið náði að grípa í þumal- og vísifingur hægri handar; aðhaldið var í um 1,5 cm fjarlægð frá sagarblaði.

Á dskj. nr. 5 er áverkavottorð dr. med. Halldórs Baldurssonar, yfirlæknis slysa- og bæklunardeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dags. 10. 6. 1988:

„12. 2. 1988 kom á slysadeild FSA maður, sem kvaðst heita Sverrir Meldal, kennitala 020657-5619. Hann skýrði svo frá, að hann hefði við vinnu sína sem smíðakennari í Glerárskóla farið með hægri hönd í hjól-sagarblað.

Hann hafði sagað inn í fingurgómana á hægri vísifingri og hægri þumal-fingri. Beinið var nokkuð skaddað í báðum þessum fingrum og húð nokkuð tætt. Í aðalatriðum var hér um að ræða þverskurð í þumalfingursgómnum og lóðréttan skurð í vísifingursgómnum.

Aðaláverkin var þó litlafingurs megin á vísifingrinum við efri millikjúkuliðinn, þar sem hann hafði sagað inn í liðinn og tætt hann sundur.

Sverrir var tekinn til skurðaðgerðar 12. 2. 1988, sárin hreinsuð og saumuð eftir fongum. Efri millikjúkuliðurinn á hægri vísifingri var festur með tveimur stálvírum eða pinnum, svo að sárin fengju betri frið til að gróa. Sárið á þumalfingri greri á um það bil þremur vikum, en á vísifingri tók það um það bil tvo mánuði. Annar stálpinninn var fjarlægður úr vísifingrinum 23. 3. 1988, en sá seinni 29. 3. 1988.

Við síðustu skoðun, 6. 6. 1988, voru fremur væg eymsli í örinu á hægri þumalfingri, en aðalópþægindin voru stíðleiki og sársauki við hreyfingar í hægri vísifingri. Hreyfing er þar verulega skert í efri millikjúkuliðnum.

Sverrir var frá vinnu vegna þessa áverka 12. 2. - 5. 4. 1988.

Ekkert mælir gegn því, að áverkar þeir á tveimur fingrum, sem hér hefur verið lýst, hafi orsakast á þann hátt, sem sjúklingur hefur skýrt frá og haft er eftir honum hér að ofan, það er að segja, að hann hafi rekið hægri hönd í blað hjólsagar í gangi. Áverkinn á vísifingrinum verður að teljast

mjög alvarlegur. Liður er skaddaður, og hefur ekki náðst upp fullur hreyfi-ferill. Hugsanlegt er, að hreyfing verði varanlega skemmd, og gæti jafnvel komið til þess, að síðar þyrfti að gera staurliðsaðgerð í efrimillikjúku-liðnum í hægra vísifingri.“

Í málinu liggur fyrir Örorkumat Björns Önundarsonar læknis, dags. 2. 11. 1988, og segir þar meðal annars:

„Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 2. nóvember 1988. Honum segist frá atburðum og afleiðingu slyss þessa líkt og að framan er fram komið. Slasaði segir, að vísifingur hægri handar (er örvhendur) nýtist sér nú lítið, hvað gripið á milli þumalfingurs og vísifingurs varðar. Þannig getur slasaði ekki beygt nema í um hundrað og tuttugu gráður í miðlið, og framliður er í beygju í um hundrað og sjöttíu gráðum. Slasaði segir, að dofi sé í gómi þumalfingurs hægri handar. Þá segir slasaði, að vísifingur hægri handar sé mjög viðkvæmur, ef hann reki hann í eitthvað. Leggur þá verk upp eftir fingrinum alveg upp í grunnlið. Slasaði kveðst hafa nokkurt kuldaóþol í vísifingri hægri handar, en einnig í þumalfingurs-gómnum. Gripið er að sögn slasaða, eins og áður greinir, ónákvæmt og kraftlítið á millum þumalfingurs og vísifingurs hægri handar. Slasaði segir, að þetta komi sér ákaflega illa, bæði í starfi sínu sem smíðakennara en einnig í frístundagamni sínu, sem er píanóleikur. Stundum finnst slasaða sem vísifingur hægri handar þvælist meira fyrir en hvað hann gerir gagn.

Ályktun:

— — —
Þó að ekki sé lengra um liðið, sðan áður nefnt slys varð, þykir nú ekki ástæða til að draga Örorkumat öllu lengur, þar sem ekki verður séð, að um frekari bata á afleiðingu slyss þessa verði hér eftir að ræða. Tímabundin og varanleg örorka þykir hæfilega metin sem hér segir.:

Í sjö vikur	100%.
Í átta vikur	50%.
Varanleg örorka	10%.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda 22. 2. 1990, og eru útreikningar hans þannig.:

„Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Sverris voru vinnutekjur hans árin 1985-1987 eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

— — —
Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:
Vegna tímabundinnar örorku kr. 247.700
Vegna varanlegrar örorku — 1.825.200
Samtals kr. 2.072.900

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 22/2 1990 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta.“

Fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa lokið námi í húsasmiði árið 1978 eða 1979, og hafi Konráð Árnason verið meistari sinn, og hafi hann sveinspróf í húsasmiði og unnið hjá meistara sínum eitthvað yfir tíu ár og fengist við alls konar smíðavinnu og aldrei lent í neinu slysi við vinnu með vélar. Hafi hann kvartað strax við skólastjóra og yfirkennara Glerárskóla, er hann sá sögina, og honum sagt, að búið væri að sækja um í sex ár að fá nýja sög, en ekkert gengið. Að sínu mati hefði kostað meira að gera við sögina en kaupa nýja. Hann sagði, að erfitt hefði verið að vinna við sögina vegna þess, hve hættuleg hún var, og hann þurft að vera í ýmsum stellingum til þess að geta unnið. Hann kveðst því aldrei hafa látið nemendur nota sögina, enda þótt skylt hafi verið að kenna nemendum níunda bekkjar að nota verkfæri. Hann kvaðst vera örvhendur, en það skipti ekki máli, hvernig hann hafi staðið að verki við sögina. Honum var sýnd mynd á dskj. nr. 4, og sagði hann hana sýna sögina og merkti inn á myndina með $\times$, hvar hann stóð við hana og teygði sig yfir sagarblaðið að þvingunni. Hann kvaðst geta unnið við smíðar eftir slysið. Það hefði verið sín vinnuregla að drepa aldrei á söginni, þegar hann þurfti að festa landið og teygja sig yfir sagarblaðið, vegna þess að annars hefði verið ekkert gengið, og engin bremsa hefði verið á mótornum. Hann kveðst hafa látið af störfum sem leiðbeinandi Glerárskóla nú í vor og starfa síðan í fullu starfi sem húsasmiður og vinna sjálfstætt. Hafi hann kvartað hvað eftir annað við skólastjórann og Pál Bergsson yfirkennara um ástand sagarinnar og sýnt þeim bæklinga um sagir og verkfæri, en alltaf hefði verið sama svarið, að erfiðlega gengi að fá peninga til tækjakaupa, sem þeir virtust hafa reynt, en ekki fengið. Hann sagði, að ljósmyndir á dskj. nr. 4 sýndu nákvæmlega, hvernig vélin var stillt, er slysið varð. Hafi slysið orðið í smíðatíma og hann aldrei kvartað um ástand sagarinnar við skólafulltrúa.

Fyrir dóminn kom sem vitni Birkir Björnsson, húsasmiður og leiðbeinandi í handmennt við Hrafnagilsskóla, kt. 161061-4259, Hrafnagilsskóla. Hann kvaðst hafa verið leiðbeinandi skólaárið á undan stefnanda í handmennt við Glerárskóla, og þá hefði engin öryggistæki verið á söginni. Honum voru sýndar myndir á dskj. nr. 4, og sagði hann sögina hafa verið nákvæmlega eins og þegar hann starfaði við skólann. Hann kveðst hafa kvartað oft út af ástandi sagarinnar, bæði við skólastjóra og samkennara, og hafi skólastjóri sagt, að hann gæti ákaflega lítið gert, en vitnið gæti

fengið bæklinga um sagir. Skólastjóri hafi sent til skólanefndar með ósk um kaup, en sagt, að þetta væri alltaf það fyrsta, sem skólanefnd skæri niður. Hann kveðst hafa útvegað bæklinga um vélar og afhent skólastjóra, en síðan hafi hann ekki vitað, hvað gerðist. Hann segir, að sögin hafi getað verið hættuleg að vinna við hana, það er að segja, ef aðhaldið var ekki fest í hvert einasta skipti, sem unnið var með henni. Vitnið segir, að á undan sér hafi starfað sem leiðbeinandi Matthías Gestsson. Hann kveðst aldrei hafa kvartað við skólafulltrúa um ástand sagarinnar. Hann segist alltaf hafa drepíð á söginni, þegar hann þurfti að festa landið, -aðhaldið, -eða stilla það.

Fyrir dóminn kom sem vitni Vilberg Alexandersson skólastjóri, kt. 300937-4389, Háuhlíð 7, Akureyri.

Vitnið sagði, að stefnandi hefði kvartað við sig undan söginni og í þá veru, að hún væri ekki nógu góð, en ekki það, að hún væri vanbúin öryggistækjum, og forverar hans kvartað undan því sama.

Vitnið upplýsti, að áður en stefnandi hóf störf, hefði verið búið að rífa af vélinni öryggistæki. Vitninu var sýnd mynd af söginni á dskj. nr. 4, og sagði vitnið, að af henni hefði verið tekin hlíf yfir sagarblaðinu, en man ekki, hvort hlíf hafi verið yfir reiminni. Hann sagði, að sér hefði verið kunnugt um, að aðhaldið hefði verið bilað og hann reynt að fá nýtt í Reykjavík, en ekki tekist, en man ekki, hver vakti athygli hans á því, að það var bilað. Hann upplýsti, að sögin hefði verið keypt ný árið 1973. Hann vissi ekki, hver fjarlægði öryggistæki af söginni, en það hefðu sennilega verið forverar stefnanda, Matthías Gestsson eða Birkir Björnsson. Vitnið sagði, að er ný sög var keypt, hefði stefnandi fjarlægt hlíf yfir sagarblaðinu án sinnar vitundar og vilja, en vitnið séð til þess, að hún hefði verið sett á að nýju. Vitnið staðfesti, að ný hjólsög hefði verið á óskalista skólans yfir ný tæki í um það bil tvö ár, en ekki fengist vegna peningaleysis, og 24. mars 1988 hefði verið keypt ný, sambyggð trésmíðavél og þeirri gömlu komið í geymslu. Hann staðfesti efni bréfs, dags. 14. maí 1990, til skólafulltrúans á Akureyri, þar sem fram kemur, að stefnandi hafi hafið kennslu í Glerárskóla í byrjun október 1987 og kennt við skólann síðan og kenni smíðar. Veturinn 1987-1988 hafi stefnandi fengið greiddar tíu stundir á mánuði frá október til maí vegna smíðakennslunnar, og sé það fyrir umsjón með kennslutækjum, innkaup með efni og fleira. Hann kvað það vera eilífðarbaráttu að afla fjár til tækjakaupa og viðhalds skólahúsnaðis bæði úti og inni, og sé þar við stjórnkerfi Akureyrarbæjar að eiga, skólanefnd, bæjarstjórn og bæjarráð. Á sínum tíma, er sögin var keypt, hefði ríkissjóður greitt helming stofnverðs. Hann upplýsti, að ríkissjóður greiddi laun kennara og leiðbeinenda, en bæjarsjóður smíðakennurum svonefnda brýnslupeninga, tíu klst. á mánuði, fyrir umsjón með kennslutækjum, en

ríkissjóður endurgreiði síðan bæjarsjóði þessi laun. Hann kveðst sækja fundi skólanefndar Akureyrar, þegar þeir séu boðaðir, og telur, að skólastjórar séu almennt boðaðir á flesta fundi nefndarinnar, og fái hann greidda þóknun fyrir fundarsetuna. Hann upplýsti, að stefnandi hefði hafið störf, er skólastarf var byrjað haustið 1987, og þar sem hann hefði ekki kennsluréttindi, hefði vitnið sem skólastjóri getað einn sótt um undanþágu til undanþágunefndar til þess að ráða leiðbeinanda, svo að ráðning stefnanda hefði getað farið fram, án þess að skólanefnd hefði fjallað um hana.

Málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að sögin, sem hann varð að vinna við, hafi verið vanbúin og beinlínis hættuleg. Sögin, eins og hún var, þegar slysið varð, fullnægði ekki reglum Vinnueftirlits ríkisins, en það setur lágmarkskröfur, sem vélar sem þessar þurfa að fullnægja.

Stefnandi og forverar hans hafi kvartað vegna sagarinnar við forstöðumenn Glerárskóla, en þeir aðhöfðust ekkert, og því hafi stefnandi verið nauðbeygður til að nota sögina til að geta sinnt starfi sínu. Vegna þessa telur stefnandi bótaábyrgð stefndu ótvíræða. Hann reisir kröfur sínar á reglum skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð, þar sem hann var starfsmaður beggja stefndu, auk þess sem stefnda bæjarsjóði bar skylda til að sjá um, að sögin væri í því ástandi, sem eðlilegt mátti telja.

Til lagaraka vísar stefnandi einkum til 17. og 79. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, laga nr 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 4. og 7. kafla, 12. kafla laga nr. 85/1936 og vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Stefndi bæjarsjóður Akureyrar reisir sýknukröfu sína einkum á því, að stefnandi hafi sýnt vítavert kæruleysi, er hann varð fyrir slysinu. Stefnandi hafi skýrt svo frá, að ef hann hefði stöðvað vélina í hvert sinn, sem hann þurfti að breyta stillingu, hefði verkið ekkert gengið. Hér beri að hafa í huga, að ekki var um ákvæðisvinnu á verkstæði að ræða, heldur kennslu í skóla, og sýnist engin nauður reka til að vinna svo hratt, að ekki gefist tími til að stilla verkfæri með öruggum hætti. Aðstæður allar á slysstað hafi verið í besta lagi, en sögin orðin nokkuð gömul og þurfti sérstakrar aðgæslu við notkun. Þótt svo væri og svokallað land slitið og þvinga notuð til festingar, hafi slíkt út af fyrir sig ekki verið hættulegt, nema vangæsla væri við notkun. Stefnanda sem fagmanni með þekkingu á trésmíðavélum hlaut að vera ljóst, hversu hættulegt var að hafa sögina í gangi og teygja sig yfir sagarblaðið til að færa landið. Stefnandi hafi verið opinber starfsmaður og þegið laun úr ríkissjóði. Hann hafi lotið stjórn skólastjóra, sem var ríkisstarfsmaður, og leitað þá væntanlega til hans um endurnýjun tækja eða annað, sem kom vinnu hans við. Hvort tveggja það, að stefnandi var

sjálfur sá, er sá um vélina og enn fremur heyrði undir skólastjóra, geri það að verkum, að bæjarsjóður geti ekki borið sök á atburðinum. Ósannað sé, að ekki hefði verið gert við landið á söginni, hefði þess verið farið á leit, en þvingan virðist hafa verið látin duga, þar til ný vél fengist. Engar sérstakar kvartanir hafi verið bornar fram við bæjarsjóð vegna vélarinnar, og gat hann því ekki vitað um ástand hennar, en hins vegar sé upplýst, að í um það bil tvö ár hafi ný sög verið á óskalista skólans yfir ný tæki, en eitthvað annað þá væntanlega látið ganga fyrir.

Verði ekki fallist á sýknukröfu, er þess krafist eigi að síður, að kröfur verði lækkaðar verulega vegna eigin sakar stefnanda, og bent á, að er ný sög hafi verið keypt, hafi fyrsta verk stefnanda verið að taka af henni öryggishlíf samkvæmt upplýsingum skólastjórans. Af þessu megi sjá, að stefnandi virði ekki þær öryggiskröfur, sem gerðar eru, og setji sig og aðra í hættu með slíku framferði.

Kröfu sinni til stuðnings vísar stefndi til grunnskólalaga nr. 63/1974, einkum 79. gr., þó að það skipti í sjálfu sér ekki máli í þessu sambandi, eins og rakið hefur verið.

Málsástæður og lagarök stefndu menntamála- og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs fyrir sýknukröfu eru þau, að í fyrsta lagi hafi stefnandi sjálfur átt alla sök á tjóninu og verði því að bera það sjálfur. Hann sé menntaður húsasmiður, og honum hafi verið fullkunnugt um ástand vélarinnar. Hann hafi ekki sýnt þá gætni að stöðva vélina, þegar hann þurfti að breyta landinu og færa þvingurnar, heldur gerði hann það, á meðan vélin var í gangi. Auk þess sé það óverjandi að hafa slík vinnubrögð í frammi í kennslustund. Tjón stefnanda verði einungis rakið til stórfellds gáleysis af hans hálfu, og eigi hann að bera alla ábyrgð á slysinu sjálfur.

Ef tjón stefnanda verði á einhvern hátt rakið til vanbúnaðar vélarinnar, er því haldið fram, að slíkt sé algerlega á ábyrgð meðstefnda bæjarsjóðs Akureyrar. Skólanefnd hafi á hendi stjórn og eftirlit með kennslutækjum. Í 1. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla sé kveðið á um, að í sérhverju skólahverfi skuli vera skólanefnd, sem fari með málefni grunnskóla, eftir því sem lög og reglugerðir kveði nánar á um. Skólanefnd sé kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn, og fer hún í umboði sveitarstjórnar með málefni grunnskóla, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 185/1976, og skv. 5. málsgrein 19. gr. grunnskólalaganna skal skólanefnd líta eftir, að skóli hafi öll nauðsynleg kennslutæki og aðbúnað, og bera ábyrgð á viðhaldi og að aukning sé eftir þörfum. Jafnframt sé sveitarfélagi skylt að annast viðhald kennslutækja, sbr. 28. gr. sömu laga. Grunnskólaögin geta ekki einungis um það, hverjum sé skylt að annast eftirlit á kennslutækjum og á hvers ábyrgð það sé, heldur tiltaka þau einnig, hver greiði kostnaðinn, en skv. 79. gr. sé allur viðhaldskostnaður greiddur úr sveitarsjóði. Ljóst sé því skv. tilvitnuðum

lagagreinum, að viðhald kennslutækja og rekstrarkostnaður þeirra sé algerlega á ábyrgð meðstefnda bæjarsjóðs. Skólastjóri beri sem ríkisstarfsmaður enga ábyrgð þar á. Eftirlit með kennslutækjum sé ekki í verkahring hans sem ríkisstarfsmanns, enda fái hann ekki greitt fyrir það hjá ríkissjóði.

Til vara er gerð krafa um verulega lækkun á kröfu stefnanda og að málskostnaður falli niður í því tilfelli.

Kröfugerð stefnanda í heild er mótmælt sem allt of hárrí og órökstuddri, og virða beri til lækkunar, að ólíklegt sé, að hin læknisfræðilega örorka hafi skert aflahæfi stefnanda í þeim mæli, sem hlutfallstala örorkumatslæknis gerir ráð fyrir. Miskabótakrafa stefnanda sé í ósamræmi við dómvenjur; miski sé eflaust innifalinn í örorkumati læknisins. Miski sé sérkræfinn í málinu og því í raun tvíkræfinn. Þá beri að lækka bætur vegna skattfrelsis bótanna og draga frá þann hluta, sem ganga mun til opinberra gjalda, og virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna. Þá beri að draga frá bótunum greiðslu frá ríkissjóði á grundvelli kjarasamningaákvæða og lækka bæturnar verulega vegna eigin sakar stefnanda, sem meta verði stórfellda.

Álit dómsins.

Svo sem hér að framan er rakið, krefst stefnandi bóta vegna varanlegrar örorku, 1.825.200 kr., og í miskabætur 450.000 kr. Með tilliti til eingreiðslu bóta svo og skattfrelsis þykja dómara bætur vegna varanlegrar örorku hæfilega metnar 1.500.000 kr. og í miskabætur 300.000 kr. Að því er bótaskyldu stefndu varðar, fellst dómari á, að þeir séu bótaskyldir in solidum þrátt fyrir ákvæði 79. gr., 17. og 19. gr. og 28. gr. grunnskólalaga, er leggja á sveitarfélög skyldu um endurnýjun og viðhald skólahúsa, skólahússgagna og kennslutækja, þar sem skv. 1. gr. grunnskólalaga er sú skylda lögð á stefndu að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 - 16 ára, eins og nánar greinir í lögunum.

Í erindisbréfi skólastjóra nr. 197 frá 24. maí 1976, 6. gr., segir, að skólastjóri beri í samráði við skólanefnd að sjá um, að fullnægt sé kröfum í lögum og reglugerðum, að því er varðar allan nauðsynlegan aðbúnað skóla, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, innanstokksmuni, kennslutæki og söfn. Einnig segir, að skólastjóri hafi umráðarétt yfir öllum innanstokksmunum skólans, áhöldum og söfnum og haldi eða láti halda skrá um þau. Hann geti þó ekki ráðstafað þeim á sitt eindæmi nema í þágu skólastarfsins. Einnig beri honum að fylgjast með því, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum, og gera tillögur um það til skólanefndar. Samkvæmt þessu má það ljóst vera, að réttindi og skyldur stefndu eru svo samtvinnuð, að þau verða ekki greind í sundur, að því er skaðabótaábyrgð varðar. Sannað þykir, að sög þeirri, sem stefnandi vann við, er slysið varð, var að mörgu

leyti áfátt, eins og rakið hefur verið. Hins vegar ber að líta til þess, að stefnandi er fagmaður og honum mátti vera næsta ljós sú hætta, er honum stafaði af verkfærinu. Forveri hans, Birkir Björnsson, stöðvaði ætíð sögina, þegar hann þurfti að stilla eða lagfæra aðhaldið.

Ástæða sú, sem stefnandi tilgreinir fyrir þessari vinnureglu, kann að vera rétt að einhverju leyti, en hins vegar segir hann, að vinnuregla sín hafi verið sú að drepa aldrei á vélinni. Slík háttsemi er lítt forsvaranleg með tilliti til þess, að hann hafði kvartað undan ástandi sagarinnar að eigin sögn og gert sér ljósa hættuna, sem stafaði af því að vinna við hana. Með þetta í huga þykir dómara rétt, að stefnandi beri tjón sitt að tveimur þriðju hlutum, en stefndu bæti honum það in solidum að einum þriðja hluta. Bætur til stefnanda vegna varanlegrar örorku verða því 500.000 kr. og vegna miska 100.000 kr., alls 600.000 kr., auk vaxta, eins og krafist er í stefnu, þó þannig, að dráttarvextir leggjast á höfuðstól frá 13/3 1989. Þá ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað in solidum, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari, og hefur dómsuppsaga í máli þessu dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans vegna dómstarfa í sakamálum.

D ó m s o r ð:

Stefndu, bæjarsjóður Akureyrar, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sverri Auðuni Meldal, in solidum 600.000 kr. með 20% ársvöxtum frá 12/2 1988 til 1/3 s. á., með 19% ársvöxtum frá þ. d. til 10/6 s. á., 23% ársvöxtum frá þ. d. til 1/8 s. á., 26% ársvöxtum frá þ. d. til 21/8 s. á., 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1/9 s. á., 12% ársvöxtum frá þ. d. til 11/10 s. á., 9% ársvöxtum frá þ. d. til 21/10 s. á., 6% ársvöxtum frá þ. d. til 1/12 s. á., 4% ársvöxtum frá þ. d. til 21/1 1989, 6% ársvöxtum frá þ. d. til 1/2 s. á., 8% ársvöxtum frá þ. d. til 1/3 s. á., 10% ársvöxtum frá þ. d. til 13/3 s. á., en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13/3 1989.

Stefndu greiði in solidum stefnanda málskostnað, 200.000 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og leggjast tildæmdir dráttarvextir á málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.